

Nd.

764. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. i Ed.).

1. gr.

Síðari málsgr. d-liðs 7. gr. laganna skal orða svo:

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og vixlun) teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans, ef afborgunartíminn er skemmri en 5 ár, en ef afborgunartíminn er 5 ár eða lengri, skulu afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í 5 ár.

2. gr.

Í stað „og hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár“ í e-lið 7. gr. laganna komi: eða hún hefir verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár.

3. gr.

Orðin „dráttarvexti af sköttum eða útsvörum“ í f-lið 10. gr. laganna falli burt.

4. gr.

Fyrri másl. 2. málsgr. 32. gr. laganna hljóði þannig:

Skýrslur þessar skulu komnar í skattstofuna í Reykjavík og til skattanefnda eða skattstjóra í kaupstöðum fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnda eða skattstjóra annarsstaðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.